

Nd. **768. Frumvarp til laga** [417. mál]
um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Kjartan Jóhannsson,
Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

Greinargerð.

Í nýjum útvarpslögum, sem samþykkt voru á Alþingi í júní 1985, er ekki að finna ákvæði sem var í eldri útvarpslögum um undanþágu fyrir ákveðinn hóp elli- og örorkulífeyrisþega, sem og blindra manna, frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

Líta verður svo á að það hafi ekki verið vilji Alþingis að fella niður umrætt ákvæði heldur hafi farist fyrir að setja það í nýju útvarpslögin. Reglugerð sú, sem enn er unnið eftir og sett var skv. eldri útvarpslögum, virðist því ekki hafa stöð í útvarpslögum sem tóku gildi um s.l. áramót.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja að þessi mistök leiði ekki til þess að falla verði frá niðurfellingu afnotagjalda fyrir elli- og örorkulífeyrisþega þegar ný reglugerð verður sett skv. ákvæðum nýrra útvarpslaga.